

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

3. FUNDUR ATVINNU OG LANDBÚNAÐANEFNDAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026

HALDINN Í FUNDARSAL ÁLFTAVERS, FIMMTUDAGINN 20. JÚNÍ 2024, KL. 16:30

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, setti fundinn að gættri fundarboðun og leyfi fundar til fundarstjórnar. Gengið var til dagskrár samkvæmt eftirfarandi:

Dagskrá:

1. Kosning nefndarformanns og varaformanns.

Nefndin tilnefnir Jóhönnu R. Kristjánsdóttur sem formann og Valgeir Scott sem varaformann. Samþykkt samhljóða.

2. Erindi – trúnaðarmál.

Erindi lagt fram til kynningar en nefndin vísar málinu til sveitarstjórnar til frekari ákvarðanatöku.

3. Smölun ágangsfjár – erindi 9.6.2024.

Guðmundur Halldórsson vék af fundi kl. 18:00 undir umræðum um þennan lið.

Atvinnu- og landbúnaðarnefnd leggur til að erindinu verði hafnað. Nefndin telur að ekki liggi fyrir með óyggjandi hætti hversu mikill ágangur sé eða hvert umfang tjóns sé fyrirsjáanlegt þannig að brýnt sé að smala ágangsfé úr landi Dvergasteins. Slík ákvörðun er íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun og gæta ber lagaskilyrða varðandi slíka framkvæmd sem fyrirsjáanlega yrði erfitt að framfylgja.

Framangreint er með vísan til þess að ekki er bann við lausagöngu búfjár utan þéttbýlis í Súðavík í gildandi samþykktum. Um er að ræða fé sem gengur úr heimalöndum í aðlægt eignarland að því er virðist. Ekkert liggur fyrir um í hvaða mæli búfé leitar inn á eignarland í óþökk eigenda. Ekki liggur fyrir að leitað hafi verið vægari úrræða til þess að bregðast við því ástandi sem vikið er að í erindi dags. 9.6.2024 um smölun ágagnsfjár. Þá vísar nefndin frekari úrlausn til sveitarstjórnar. Nefndin leggur til að leitast verði við að finna viðunandi lausn á ágangi fjár þar sem reynt verði að fara í fyrirbyggjandi aðgerðir þeirra aðila sem málið varðar. Nefndin beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að taka til endurskoðunar relgur um búfjárhald í Súðavíkurbreppi til samræmis við réttarástand varðandi ágangsfé.

Guðmundur Halldórsson kemur aftur inn á fund kl. 18:20

4. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri

Bragi Þór Thoroddsen

Adalsteinn L. Valdimarsson

E. Valgerður Scott

Jóhanna R Kristján

Guðmundur Halldórsson